

Nd.

818. Frumvarp til laga

[259. mál]

um skákleiðsögn í skólum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. maí.)

1. gr.

Ráðherra er heimilt að ráða, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, íslenska skákmenn í starf til ákveðins tíma til að annast leiðsögn um skákstarf í skólum landsins. Skilyrði er, að skákmaður hafi hlotið alþjóðlegan titil í skák. Laun skal miða við launakjör menntaskólakennara. Starfsskyldu og starfstílhögun skal ákveða með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.